Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Hagsmunasamtök Heimilanna

11. nóvember 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-230/2020 í samráðsgátt stjórnvalda

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum (endurskoðun stjórnsýslu neytendamála)

Hagsmunasamtök heimilanna beita sér fyrir réttindum neytenda á fjármálamarkaði, sem falla undir neytendaréttarsvið Neytendastofu. Frumvarpið felur í sér tilfærslu ýmissa verkefna Neytendastofu til annarra stofnana, sem falla ekki undir neytendaréttarsvið. Samtökin gera því ekki athugasemdir við þær tilfærslur, þar sem þær virðast ekki hafa áhrif á neytendaréttarsvið að svo stöddu.

Aftur á móti leggjast samtökin gegn öllum hugmyndum um að leggja Neytendastofu niður eða flytja verkefni hennar á sviði neytendaréttar til annarrar stofnunar. Öðru fremur leggja samtökin áherslu á nauðsyn þess að sérhæfð stofnun á þessu sviði sé fyrir hendi. Markmið endurskipulagningar stjórnsýslu neytendamála ætti fremur að vera að efla neytendaréttarsvið Neytendastofu og þar með eftirlit með því að réttindi neytenda nái fram að ganga í viðskiptum hér á landi. Enda er það að miklu leyti nauðsynlegt vegna skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is